

Mánudaginn 22. apríl 1996 kl. 12:15

72. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 13/1996

Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 1/1996

vegna ákvörðunar Samkeppnisráðs nr. 2/1996

**Erindi Apótekarárfélags Íslands um
fjárhagslegan aðskilnað sjúkrahússapóteka
-sjúkrahússapótek Sjúkrahúss Reykjavíkur-**

**I.
Málsatvik**

Með brefi, dags. 19. mars sl., kærði Sjúkrahús Reykjavíkur ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 2/1996 um fjárhagslegan aðskilnað sjúkrahússapóteka til áfrýjunarfndar samkeppnismála. Í kærunni er því m.a. haldið fram að stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur eða stjórnum Borgarspítalans og St. Jósefsspítala hafi ekki verið á fullnægjandi hátt boðið að koma að athugasemdum áður en til ákvörðunar kom.

Af þessu tilefni tók Samkeppnisstofnun til athugunar málsmeðferð og aðdraganda að ákvörðun nr. 2/1996. Í ljós hefur komið að Samkeppnisstofnun hefur ekki gætt ákvæða 13. gr. laga nr. 37/1993 með fullnægjandi hætti og því eiga athugasemdir Sjúkrahúss Reykjavíkur við rök að styðjast.

Með vísan til 8. gr. samkeppnislaga og 25. gr. laga nr. 37/1993, og með hliðsjón af því að ákvörðun nr. 2/1996 er íþyngjandi, hefur verið ákveðið að afturkalla nefnda ákvörðun og taka mál þetta til meðferðar á ný.

**II.
Ákvörðunarorð:**

Samkeppnisráð staðfestir neðangreinda bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 1/1996 frá 1. apríl 1996 með vísan til forsendna hennar.

"Með heimild í 8. gr. samkeppnislaga afturkallar Samkeppnisstofnun ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 2/1996."